# Föstudagur 16. júní



## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Gosi (25)** (Pinocchio). Teiknimyndaflokkur um ævintýri Gosa. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir. Leikraddir Örn Árnason.
18.15 **Litli sægarpurinn.** (Jack Holborn). Fimmti þáttur. Nýsjálenskur myndaflokkur í tólf þáttum.
18.45 **Táknmálsfréttir.**
18.50 **Austurbæingar.** (Eastenders). Breskur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Kristmann Eiðsson.
19.20 **Benny Hill.** Breskur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Stefán Jökulsson.
19.45 **Tommi og Jenni.**
19.55 **Átak í landgræðslu.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Tímaskekkjan.** (Mannen fra stumfilmene). Maður frá tímum þöglu kvikmyndanna birtist í nútímaflughöfn.
21.00 **Valkyrjur** (Cagney and Lacey). Bandarískur sakamálamyndaflokkur. Þýðandi Kristrún Þórðardóttir.
22.00 **Nótt í París** (Paris Minuit). Frönsk bíómynd frá árinu 1986.
23.35 **Sykurmolarnir** (Sugar Cubes, Living Colour and The Godfathers). Upptaka frá tónleikum Sykurmolanna í Bandaríkjunum í fyrra.
0.25 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

16.45 **Santa Barbara.**
17.30 **Forboðin ást,** Love on the Run. Lögfræðingurinn Diane á erfitt með að sætta sig við lífið og tilveruna þar til hún kynnist skjólstæðingi sínum, Sean. Í fyrsta skipti sér hún björtu hliðarnar á sinni annars gráu tilveru. Aðalhlutverk: Stephanie Zimbalist, Alec Baldwin, Constance McCashin og Howard Duff.
19.19 **19:19.** Frétta- og fréttaskýringaþáttur ásamt umfjöllun um þau málefni sem ofarlega eru á baugi.
20.00 **Teiknimynd.** Teiknimynd fyrir alla aldurshópa.
20.15 **Ljáðu mér eyra . . .** Heitar fréttir úr tónlistarheiminum, nýjustu kvikmyndirnar kynntar og viðtöl við innlenda sem erlenda tónlistarmenn.
20.45 **Bernskubrek,** The Wonder Years. Gamanmyndaflckkur fyrir alla fjölskylduna. Aðalhlutverk: Fred Savage, Danica McKellar o.fl.
21.15 **Á dýraveiðum,** Hatari. Stórstjarnan John Wayne er þekktur fyrir að eltast hetjulega við bófa og ræningja villta vestursins á milli þess sem hann fær sér einn gráan á barnum. Það kom því mörgum á óvart þegar þessi ókrýndi konungur vestranna birtist á hvíta tjaldinu í hlutverki veiðimanns í óbyggðum Afríku þar sem hann ásamt félögum veiddi villt dýr til þess að afla tekna.
23.45 **Bjartasta vonin,** The New Statesman. Breskur gamanmyndaflokkur um ungan og efnilegan þingmann.
00.10 **Travis McGee.** Leikarinn góðkunni, Sam Elliott, fer hér með hlutverk hins snjalla einkaspæjara, Travis McGee. Gamall vinur hans er talinn hafa orðið valdur að bátsslysi.
1.40 **Í strákageri,** Where the Boys Are. Fjórar frískar stúlkur leggja leið sína til Flórída á vit ævintýranna. Takmark þeirra er að krækja sér í karlmann sem ýmist á að vera ríkur, greindur, hinn eini sanni eða ástríðufullur elskhugi. Allar ná þær drauma sína uppfyllta en afleiðingarnar eru heldur í skondnari kantinum. Aðalhlutverk: Lisa Hartman, Lorna Luft, Wendy Schaal og Howard McGillin.
3.10 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Bragi Skúlason flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið.** með Ingveldi Ólafsdóttur. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Fréttir á ensku að loknu fréttayfirliti kl. 7.30. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn:** Hanna María eftir Magneu frá Kleifum. Bryndís Jónsdóttir les (10.) (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn** – Frá Austurlandi. Umsjón: Haraldur Bjarnason.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Sveitasæla.** Umsjón: Signý Pálsdóttir (Einnig útvarpað kl. 21.00 á mánudag.)
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Anna Ingólfsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar Tónlist.
13.05 **Í dagsins önn** – Eilífsdalur. Umsjón: Steinunn Harðardóttir.
13.35 **Miðdegissagan** – Að drepa hermikráku eftir Harper Lee. Sigurlína Davíðsdóttir byrjar lestur þýðingar sinnar.
14.00 **Fréttir.** Tikynningar.
14.05 **Ljúflingslög.** Svanhildur Jakobsdóttir kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt miðvikudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Ísland og samfélag þjóðanna.** Fyrsti þáttur. Umsjón: Einar Kristjánsson. (Endurtekinn þáttur frá miðvikudagskvöldi.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.** Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið.** Dregið verður í tónlistargetraun Barnaútvarpsins og spurning vikunnar borin upp. Umsjón: Kristín Helgadóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Saint-Sans, Grieg, Bizet.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Bjarni Sigtryggsson og Páll Heiðar Jónsson Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá.** Umsjón: Freyr Þormóðsson og Ragnheiður Gyða Jónsdóttir.
20.00 **Litli barnatíminn:** Hanna María eftir Magneu frá Kleifum. Bryndís Jónsdóttir les (10.) (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Lúðraþytur.** Skarphéðinn Einarsson kynnir lúðrasveitartónlist. Í þessum þætti verða leiknar hljóðritanir breska Ríkisútvarpsins, BBC, frá 50 ára afmælistónleikum Williams Fairy Engineering Band.
21.00 **Sumarvaka.** a. Íslensk mannanöfn. Gísli Jónsson flytur síðara erindi sitt um nafngiftir Norðmýlinga 1703–1845. b. Íslensk þjóðlög í flutningi Karlakórs Reykjavíkur c. Menntafrömuður og skáld á Mosfelli. Fyrri hluti dagskrár í samantekt Gunnars Stefánssonar um séra Magnús Grímsson, ævi hans og verk. (Áður á dagskrá í mars 1987) Umsjón: Einar Kristjánsson.
22.00 **Fréttir.** .
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Danslög.**
23.00 **Í kringum hlutina.** Umsjón: Þorgeir Ólafsson.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Anna Ingólfsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
01.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## Rás 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Morgunsyrpa.** Skúli Helgason. Rugl dagsins kl. 9.25. Neytendahorn kl. 10.05. Afmæliskveðjur kl. 10.30. Sérþarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni sem leikur þrautreynda gullaldartónlist.
14.05 **Milli mála.** Árni Magnússon á útkíkki og leikur nýju lögin.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Guðrún Gunnarsdóttir og Ævar Kjartansson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum. – Þjóðarsálin, þjóðfundur í beinni útsendingu kl. 18.03.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Kvöldtónar.**
22.07 **Síbyljan.** Sjóðheitt dúndurpopp beint í græjurnar. (Endurtekinn frá laugardegi.)
00.10 **Snúningur.** Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög.
02.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

**NÆTURÚTVARP**

02.00 **Fréttir.**
02.05 **Rokk og nýbylgja.** Skúli Helgason kynnir. (Endurtekið frá mánudagskvöldi.)
03.00 **Róbótarokk.** Fréttir kl. 4.00.
04.30 **Veðurfregnir.**
04.35 **Næturnótur.**
05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
05.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
06.01 **Á frívaktinni.** Þóra Marteinsdóttir kynnir óskalög sjómanna. (Endurtekinn þáttur frá mánudegi á rás 1.)
07.00 **Morgunpopp.** Svæðisútvarp Norðurlands kl. 8.10–8.30 og 18.03–19.00. Svæðisútvarp Austurlands kl. 18.03–19.00

## FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Valdís er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskalögin, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu.
18.10 **Reykjavík síðdegis. Hvað finnst þér?** Hvað er efst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í síma 61 11 11. Þáttur sem dregur ekkert undan og menn koma til dyranna eins og þeir eru klæddir þá stundina. 19.00 - **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Ólafur Már Björnsson.** Kynnt undir helgarstemningunni í vikulokin.
22.00 **Haraldur Gíslason.** Harðsnúni Halli kann „helgartökin" á tónlistinni. Óskalög og kveðjur í símum 68 19 00 og 61 11 11.
2.00 **Næturdagskrá.**
**Fréttir á Bylgjunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist. Kl. 8.30 er fluttur stuttur veiðiþáttur Þrastar Elliðasonar, með viðtölum og fréttum af veiði.
10.00 **Jón Axel Ólafsson.**
14.00 **Gunnlaugur Helgason.** Leikur hressa og skemmtilega tónlist við vinnuna.
18.10 **Íslenskir tónar.**
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Ólafur Már Björnsson.** Kynt undir helgarstemningunni í vikulokin.
22.00 **Haraldur Gíslason.** Harðsnúni Halli kann „helgartökin" á tónlistinni. Óskalög og kveðjur í símum 68 19 00 og 61 11 11.
2.00 **Næturstjörnur.**
**Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.**

## EFF EMM 95,7

7.00 **Hörður Arnarson.**
9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
13.00 **Hörður Arnarson.**
15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
19.00 **Anna Þorláks/Steinunn Halldórsdóttir.**
22.00 **Sigurður Ragnarsson.**
1.00– 7 **Páll Sævar Guðjónsson.**

## Rót ÚTVARP FM 106,8

09.00 **Rótartónar.**
11.00 **Við við viðtækið.** E.
12.30 **Goðsögnin um G.G.Gunn.** E.
13.30 **Tónlist.**
14.00 **Í upphafi helgar skyldi dagskrána skoða með Guðlaugi Júlíussyni.**
17.00 **Geðsveiflan.** Tónlistarþáttur í umsjá Alfreðs J. Alfreðssonar.
19.00 **Raunir** Reynis Smára.
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur í umsjá Emils Arnar og Hlyns.
21.00 **Gott bít.** Tónlistarþáttur með Kidda kanínu og Þorsteini Högna.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt.**

## ALFA FM-102,9

17.00 **Orð trúarinnar.** Blandaður þáttur með tónlist, u.þ.b. hálftíma kennslu úr Orðinu og e.t.v. spjalli eða viðtölum. Umsjón: Halldór Lárusson og Jón Þór Eyjólfsson. (Endurtekið á mánudagskvöldum.)
19.00 **Blessandi boðskapur í margvíslegum tónum.**
24.00 **Dagskrárlok.**

## SKY CHANNEL

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaefni.
7.30 **The Panel Pot Pourri.** Skemmti- og leikjaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Sápuópera.
11.55 **General Hospital.**
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **The Lucy Show.** Gamanþáttur.
14.45 **The Littles.** Teiknimynd.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **The Young Doctors.**
16.30 **Three's Company.** Gamanþáttur.
17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
18.00 **Sale of the Century.** Getraunaþáttur.
18.30 **Black Sheep Squadron.** Spennuþáttur.
19.30 **Something Big.** Kvikmynd.
21.30 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur
22.30 **Police Story.**Spennumynd.

## SKY MOVIES

15.00 **Tarka the Otter.**
17.00 **Maxie.**
19.00 **The Woman in Red.**
21.00 **Target.**
23.00 **Act of Vengeance.**
01.00 **The Falcon and the Snowman.**

## EUROSPORT

9.30 **Mobil Sport News.** Fréttir og fleira af kappakstri.
10.00 **Surfer magazine.** Brimbrettakeppni á Hawaii.
10.30 **Tennis.** Frá Stella Artois mótinu í London.
12.30 **Indy Cart.** Kappakstur frá Long Beach.
13.30 **Ástralski fótboltinn.**
14.30 **Hockey.** England gegn Ástralíu
15.30 **Eurosport Menu.** .
17.00 **Frjálsar íþróttir.** Stórmót í Sovétríkjunum.
18.00 **Tennis.** Undanúrslit Stella Artois mótsins.
20.00 **Show Jumping.**
21.00 **Hornabolti.**Valin atriði úr leik í amerísku deildinn.
22.00 **Hockey.** Indland–Holland og Bretland–Pakistan.

## SUPER CHANNEL

13.30 **Off the Wall.**Poppþáttur.
14.30 **Hotline.**
16.30 **The Global Chart Show.** Tónlistarþáttur.
17.30 **Richard Diamond:** Sakamálamyndaflokkur.
18.00 **Ferðaþáttur.**
18.25 **Hollywood Insider.**
18.50 **Transmission.**
19.45 **Fréttir og veður.**
20.00 **In Concert Special.**
22.00 **Fréttir, veður og popptónlist.**



**Sam Elliott í hlutverki Travis McGee er þungt hugsi yfir ráðgátunni í mynd Stöðvar 2.**

### Stöð 2 kl. 00.10:

# Travis McGee

Travis McGee er hugarfóstur bandaríska spennusagnahöfundarins John D. MacDonald, býr á skútu sinni í Flórída og lendur í ótal ævintýrum sem mörg hver hafa verið kvikmynduð.

Stöð 2 sýnir okkur eitt slíkt skömmu eftir miðnættið. Gamall vinur Travisar kemur í heimsókn og kvartar undan því að hafa misst skipstjórnarskírteini sitt vegna einhvers banaslyss sem hann á að hafa verið valdur að en man ekkert eftir. Travis ákveður að hjálpa vini sínum og hefur rannsókn málsins.

Þegar hinn „látni" kemur svo fram í Mexíkó fer að kárna gamanið. Travis og aðstoðarmaður hans ráða þó fram úr vandanum, upplýsa málið og hreinsa vininn af áburðinum.

Helstu hlutverk myndarinnar eru í höndum Sam Elliott, Gene Evans, Barry Corbin, Richard Farnsworth og Amy Madigan. Leikstjóri er Andrew V. McLageln.

Kvikmyndabók Maltins segir að mynd þessi sé ágætt svefnmeðal.

-gb

### Rás 1 kl. 13.35:

# Að drepa hermikráku

Ný miðdegissaga hefur göngu sína á rás 1 í dag. „Að drepa hermikráku" heitir hún og er eftir bandarísku skáldkonuna Harper Lee.

Sagan gerist á fyrstu tveimur áratugum þessarar aldar í Suðurríkjum Bandaríkjanna. Sögumaður er átta ára gömul stúlka, en hún og tólf ára bróðir hennar eru aðalpersónur sögunnar.

Þau eru börn hvíts lögfræðings sem tekur að sér að verja negra sem sakaður er um að hafa nauðgað hvítri stúlku. Sagan fær sérstakan blæ vegna þess að hún er sögð af saklausu átta ára stúlkubarni.

„Að drepa hermikráku" kom fyrst út í Bretlandi 1960 en fékk síðar Pulitzer verðlaunin í Bandaríkjunum. Höfundurinn, Harper Lee, fæddist árið 1926 í Monroeville í Alabama, þar sem hún kynntist kynþáttamisrétti í æsku. Sumar persónur sögunnar eiga sér raunverulegar fyrirmyndir.



**Sigurlína Davíðsdóttir hefur lestur nýrrar miðdegissögu á rás 1 í dag.**

Sigurlína Davíðsdóttir þýddi söguna og er hún jafnframt lesari.

-gb

### Sjónvarpið kl. 20.30:

# Tímaskekkjan

Hvað gerist þegar klaufabárður frá þriðja áratugnum villist inn í samtímann? Það fáum við að sjá í Tímaskekkjunni, skemmtiþætti án orða frá Norska sjónvarpinu sem sjónvarpið okkar ætlar að sýna í kvöld.

Maðurinn hefur í fórum sínum ferðakoffort og flugfarseðil og verður að reyna að bjarga sér á nútíma flugvelli. Hvers vegna hann er þar, veit enginn. Hann bara er þar, og verður að reyna að laga sig að siðum nútímafólks og ríkjandi aðstæðum. Það gengur hins vegar heldur erfiðlega fyrir blessaðan manninn. Því hvað veit hann um tölvudiskettur og alþjóðlegar njósnir? Nákvæmlega ekki neitt.

Eins og vera ber um þögla mynd gengur atburðarásin hratt fyrir sig. Aðalhlutverkið er leikið af Karl Sundby og leikstjóri er Robert Williams.



**Tímaskekkjumaðurinn furðar sig á nútímanum.**

-gb